

Ed.

407. Nefndarátt

um frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og telur ekkert því til fyrirstöðu, að Siglufjarðarkaupstað sje veittur kauprjettur á ofangreindri jörð, sem hann sýnilega hefir fulla þörf á að eignast og hvorki hlutaðeigandi prestur, hjeraðs-fundur eða biskup hafa, eftir því sem næst verður komist, neitt á móti, að kaupstaðurinn fái keypta fyrir hæfilegt verð.

Að leitað er sjerstaks samþykkis þingsins til þessarar jarðarsölu, stafar sennilega af því, að vegna kringumstæðnanna virðist það örðugleikum bundið að framkvæma söluna samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að háttv. deild samþykki frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1924.

Eggert Pá'sson,
form. og frsm.

Hjörtur Snorrason,
fundaskrifari.

Sigurður Jónsson.